

2022 nr. 7 31. janúar**Forsetaúrskurður um skiptingu starfa ráðherra**

Tók gildi 1. febrúar 2022. Breytt með: Forsetaúrskurði nr. 44/2023 (tók gildi 20. júní 2023). Forsetaúrskurði nr. 81/2023 (tók gildi 15. okt. 2023). Forsetaúrskurði nr. 2/2024 (tók gildi 24. jan. 2024).

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti er störfum þannig skipt með ráðherrum:

■ 1. gr. Forsætisráðherra.

□ **Katrín Jakobsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

■ 2. gr. [Dómsmálaráðherra.

□ **Guðrún Hafsteinsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.¹⁾

¹⁾ Forsetaúrskurður nr. 44/2023, 1. gr.

■ 3. gr. Félags- og vinnumarkaðsráðherra.

□ **Guðmundur Ingi Guðbrandsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneyti skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og vinnumarkaðsráðherra*.

■ 4. gr. [Fjármála- og efnahagsráðherra.

□ **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.¹⁾

¹⁾ Forsetaúrskurður nr. 81/2023, 1. gr.

■ 5. gr. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

□ **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra*.

■ 6. gr. Heilbrigðisráðherra.

□ **Willum Þór Þórsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um

skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

■ 7. gr. Innviðaráðherra.

□ **Sigurður Ingi Jóhannsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innviðaráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innviðaráðherra*.

■ 8. gr. Matvælaráðherra.

□ **Svandís Svavarsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir matvælaráðuneytið skv. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *matvælaráðherra*.

■ 9. gr. Menningar- og viðskiptaráðherra.

□ **Lilja Dögg Alfreðsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir menningar- og viðskiptaráðuneytið skv. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *menningar- og viðskiptaráðherra*.

■ 10. gr. Mennta- og barnamálaráðherra.

□ **Ásmundur Einar Daðason** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið skv. 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og barnamálaráðherra*.

■ 11. gr. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

□ **Guðlaugur Þór Þórðarson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið skv. 11. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra*.

■ 12. gr. [Utanríkisráðherra.

□ **Bjarni Benediktsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 12. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.¹⁾

¹⁾ Forsetaúrskurður nr. 81/2023, 2. gr.

■ 13. gr.

□ Úrskurður þessi öðlast gildi 1. febrúar 2022. ...

Ákvæði til bráðabirgða.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. fer **Katrín Jakobsdóttir** með stjórnarmálefni sem heyra undir matvælaráðuneytið og ber embættisheitið *matvælaráðherra*, um stundarsakir, meðan fjarvera **Svandísar Svavarsdóttur**, vegna veikinda, varir.]¹⁾

¹⁾ Forsetaúrskurður nr. 2/2024, 1. gr.